# Leikskólinn Lyngheimar

## 2019 -2020







## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs.

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit.

Leiðarljós leikskólans:


1. Greinargerð leikskólastjóra.
2. Innra mat deilda.
3. Ytra mat.
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
5. Samstarfs leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.
6. Foreldrasamvinna.
7. Skipulagsdagar og skóladagatal.
8. Fylgiskjöl
    - 8.1 Fylgiskjal 1 - samantekt um sérkennslu /stuðning
    - 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
    - 8.3 Fylgiskjal 3- Umsögn foreldraráðs.




Mynd úr verkefninu Farartæki.

# Leiðarljós Lyngheima.

**Virðing:** Að koma vel fram við aðra.

**Umhyggja:** Að snerta, hughreysta og hugga.

**Tillitsemi:** Að setja sig í spor annarra.





Unnið með vináttuna.

## Greinagerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018-2019 var gott á Lyngheimum. Frábær hópur samhentra starfsmanna lagði af stað inn í veturinn af miklum krafti. Við byrjuðum veturinn á að hrista okkur saman á skipulagsdegi í september 2018 og fá hressandi fyrirlestur um sköpun og skráningu frá Kristínu Hildi ráðgjafa á Skóla- og frístundasviði. Deildarstjórar höfðu unnið fyrir sína deild umbótaáætlun varðandi námsþættina fyrir skólaárið 2018-2019 um vorið. Við höfðum kynningu á umbótaáætlunum um haustið fyrir starfsmenn skólans. Allir voru því vel upplýstir um faglegt starf sem áætlað var að vinna á skólaárinu. Í janúar 2019 var síðan farið yfir haustönnina og deildarstjórar sögðu frá þeim verkefnum sem unnin höfðu verið á haustönninni og hvernig hefði gengið.

Ráðinn var verkefnastjóri skólahóps haustið 2018. Um tilraunaverkefni var að ræða til eins árs. Ætlunin var að verkefnastjórinn kæmi inn sem viðbót við hefðbundið deildarstarf með áherslu á læsi í víðum skilningi og sköpun. Þetta verkefni gekk vonum framar. Mikil samvinna var milli verkefnastjóra skólahóps og verkefnastjóra myndlistar. Strax í upphafi verkefnisins var tekin ákvörðun um að

áherslan yrði á umhverfislæsi. Farið var í ferðir og unnið úr þeim þegar heim var komið. Hér kemur dæmi um þessa vinnu. Verkefnið var faratæki. Börnin höfðu áhuga á því að skoða flugvélar og skip. Flugvöllurinn var heimsóttur og varðskipið Óðinn skoðað. Markmið ferðarinnar var að auka orðaforða og breikka reynsluheim barnanna og að sjálfsögðu að hafa gaman.





Flugvél Varðskipið Óðinn

Börnin heimsóttu líka Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafnið, Sjóminjasafnið, skoðuðu nærumhverfið, skoðuðu byggingar og teiknuðu eins og t.d. Hallgrímskirkju, fóru á námskeiðið Hugrakkir krakkar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og margt fleira.





Sköpun eftir námskeiðið Hugrakkir krakkar.

Þegar lagt var af stað með verkefnið lögðum við mikla áherslu á skráningu, að hver ferð hefði markmið út frá Menntastefnu Reykjarvíkurborgar sjálfseflingu, félagsfærni,heilbrigði, sköpun þó áherslan væri sérstaklega á læsi.

Við létum **Draumana rætast.**





Hallgrímskirkja skoðuð og teiknuð.

Því miður njótum við ekki krafta verkefnastjórans næsta vetur hún hefur ákveðið að leita nýrra ævintýra í öðru landi. En við stefnum að því að halda áfram hennar starfi. Það væri mikill missir ef þetta verkefni héldi ekki áfram.

Sköpun á Lyngheimum blómstraði á þessu skólaári með góðri samvinnu verkefnastjóra myndlistar og allra deilda. Mikil áhersla var lögð á ferlið og skráningu í þeirri vinnu.

Á Knútskoti yngstu deildinni var aðaláherslan á verðlaust efni, uppgötva, kanna og skoða.




Málað á trönur, sullað í málningu, límt og handafarið stimplað.

Á Guddumóa næst yngstu deildinni var aðaláherslan á ég sjálfur og líkami minn, litir og skrímsli.





Ég sjálfur og skrímsli.

Á Klapparvör, næst elsta árganginum, var aðaláherslan á heimamenningu barnanna, líkaminn okkar, sveitin í gamladaga, unnið var sjálfbærniverkefni og með krumma. Farið var í margar gönguferðir um nærumhverfið og krummi vakti alltaf mesta athygli í ferðunum. Kennararnir fundu áhuga barnanna á krumma og úr varð stórt verkefni í formi fræðslu og sköpunar.



Fjölskyldan mín.



Taskan mín.




Krummi.

Á Fjósaklettum, elsta árgangi, var lögð mikil áhersla á að hafa ritmál sýnilegt. Stafir og tölur voru á veggjum deildarinnar. Mikið var skrifað og reiknað með hinum ýmsu aðferðum. Notaðir voru t.d kubbar, steinar og leir. Sögur voru sagðar úr sveitinni í gamla daga. Sagan er spuni starfsmanns sem unnið hefur á Lyngheimum í mörg ár og hefur sagt börnunum í elsta árganginum þessa sögu þann tíma sem hún hefur unnið á Lyngheimum. Við fáum oft heimsóknir barna sem voru hjá okkur á leikskólanum og þau muna öll eftir **Músasögu,** sögunni hennar Helgu. Út frá þessum sagnaspuna spratt mikil áhugi á sögugerð hjá börnunum. Börnin

unnu sögur bæði í hóp og líka ein. Úr varð skemmtileg bók með fjölda af sögum. Bókakápuna unnu þau í myndlist.




Saga úr sögubókinni.

Stelpan og einhyrningurinn - vinir til æviloka.

Einu sinni fyrir langa löngu þá var lítil stelpa og birtist þá allt í einu einhyrningur. Einhyrningurinn sagði við stelpuna, viltu koma heim til mín. Stelpan sagði já. Svo kom systur einhyrningsins fljúgandi, þær hétu Rósa og Sara. Þær vildu leika við stelpuna og einhyrninginn. Þá fóru stelpan og einhyrningurinn að rífast. Stelpan meiddi sig og fór grátandi heim. Einhyrningurinn varð mjög leiður og fór heim til hennar til að segja fyrirgefðu. Stelpan samþykkti það og þau urðu aftur vinir.

Í nóvember var ákveðið að fá kynningu á agastefnu Laufskála. Kennurunum þótti vanta tæki til að samræma hvernig tekið var á erfiðri hegðun yfir leikskólann. Í kjölfarið á þeirri kynningu var ákveðið að taka upp „Agastefnu Lyngheima". Við byggðum okkar stefnu á agastefnu Laufskála sem gefist hafði vel. Við notum ákveðna frasa sem við köllum frasana okkar. Bæði starfsmenn og börn nota frasana. Hér kemur eitt lítið dæmi. „Þarftu aðstoð", „þú verður að hafa stjórn á þér". Gert var endurmat í vor á notkun og árangri. Starfsmenn og börn eru sammála um að aga stefnan hefði sannað gildi sitt.

Við byrjuðum nýja árið á slysavarnarnámskeiði. Farið var yfir umbótaáætlun og vinnan fram á vor mörkuð. Í mars fengu við kynningu fyrir erlenda foreldra frá Miðju máls og læsis. Foreldar voru mjög ánægðir með þessa kynningu og var ákveðið að bjóða upp á samskonar kynningu í haust fyrr nýja foreldra barna af erlendum uppruna. Faghópur Lyngheima byrjaði að vinna námskrár fyrir hvert aldursár barnanna. Slík námskrá hefur ekki verið til á leikskólanum. Þessari vinnu er ekki lokið og munu við halda áfram með námskrárgerðina í haust.

Sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra hefur unnið að því í vetur að móta skýra stefnu fyrir leikskólann varðandi sérkennslumál og móta þær kennsluaðferðir sem við munum vinna eftir varðandi þau mál. Sú vinna hefur gengið vel. Sjá greinagerð sérkennslustjóra.

Í lok apríl fór starfsmannahópurinn til Gdansk á námskeiðið Lærum og leikum ásamt leikskólaheimsókn. Námskeiðið var mjög áhugavert og ætlum við að nýta okkur það sem við lærðum í kennslu þó stefnan sé ekki að gerast Lærum og leikum skóli. Ferðin var einnig mikið hópefli fyrir starfsmannahópinn og ekki skemmdi

veðrið sem við fengum í ferðinni. Vorönninni lauk síðan með annarlokum, íþróttaviku, útskrift og opnu húsi.

Í lok annar sýndu kennararnir leikritið Geiturnar þrjár. Hefð hefur skapast fyrir þessum sýningum. Sýnum við börnunum leikrit tvisvar á ári, um jólin er leikritið Snuðra og Tuðra í jólaskapi og að vori Geiturnar þrjár.

Útskrift elstu barnanna. Það er alltaf mikil vinna lögð í útskrift elstu barnanna. Með útskriftarverkefninu sýna börnin hvað þau hafa lært og þroskast þann tíma sem þau hafa verið hjá okkur. Í rauninni byrjar vinnan fyrir útskriftina þegar barnið byrjar á leikskólanum. Í útskriftarverkefninu tengjum við saman alla námsþætti sköpun, læsi, lýðræði, félagsfærni, sjálfstæði og sjálfseflingu.

Börnin vinna í litlum hópum að leikriti. Þau búa til leikmynd, búninga og brúður ásamt því að æfa framkomu og frásögn. Undirbúningurinn fer ekki bara fram í leikskólanum. Farnar eru skoðunarferðir í leikhús borgarinnar. Ævintýri leikhússins er kynnt fyrir börnunum, leikmynda og búningaherbergi eru skoðuð. Hápunkturinn er þó alltaf að sýna fjölskyldunni afraksturinn og bjóða uppá veitingar á eftir. Þetta er alltaf mikill gleðidagur fyrir fjölskyldur barnanna og okkur.

Á vorönninni sóttum við um styrk í b-hluta Þróunar- og nýsköpunarsjóðs Skóla- og frístundasviðs. Leikskólinn sótti um styrk fyrir eftirfarandi verkefnum: Að bæta hljóðvist leikskólans og Að efla vinnu með Tras.

Við fengum styrkinn og erum þegar byrjuð að vinna þessa vinnu. Henni mun ekki ljúka fyrr en næsta vor.

Síðasta haust var ráðinn inn íþróttafræðingur til starfa á leikskólann og hefur hann séð um hreyfingu barnanna. Markmið tímanna var að auka úthald og hreyfifærni, efla líkamsvitund og heilbrigði barnanna.

Vorönninni lauk síðan með Opnu húsi og sumarhátíð í boði foreldrafélagsins. Börnin sýndu vetrarvinnu sína gestum og gangandi. Í lok þessarar greinargerðar langar mig að sýna ykkur nokkrar myndir frá Opnu húsi. Allar skráningar liggja frammi á leikskólanum og hægt er að skoða þær og fá jafnvel hugmyndir að skemmtilegu verkefni.

Mörg spennandi verkefni bíða okkar næsta skólaár. Leikskólinn verður í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Við munum vinna skemmtileg og spennandi verkefni með þeim. Leikskólinn er einnig í samstarfi við leikskólana í Grafarvogi varðandi vináttuverkefnið Blæ. Grafarvogur verður vonandi fyrsta hverfið í Reykjavík þar sem allir leikskólar hverfissins vinna með vináttuverkefnið Blæ.

Haldið verður áfram að innleiða menntastefnu Reykjavíkurborgar.


















## Innra mat deildanna.

### Innra mat Fjósakletta veturinn 2018-2019, árgangur 2013

Í vetur hafa elstu börn Lyngheima verið á Fjósaklettum og því verið í skólahóp. Í allan vetur erum við búin að vera í samvinnu við Rimaskóla sem er hverfisskólinn okkar. Börnunum hefur verið boðið í margar heimsóknir og fengið að taka þátt í almennri kennslustund, íþróttum og dansi. Þeim var boðið á Föstudagsfjör og heimsóttu sérgreinastofurnar, Rimaskólabókasafnið og Týgrisbæ. Auk þess höfum við verið í samvinnu við aðra skólahópa úr öðrum leikskólum í Rimahverfi. Okkur var boðið í heimsóknir og við buðum í heimsókn til okkar þegar búið var að setja upp sýningu fyrir opna húsið og því gátu gestirnir okkar skoðað verkefni vetrarins. Auk þess höfum við hist þegar tækifæri hafa gefist og lokasamveran var í Gufunesbæ með öllum skólahópum þar sem var leikið og grillað.

Við höfum haft Sólveigu verkefnastjóra skólahóps með okkur í vetur og farið með henni í margskonar ferðir, bæði í nærumhverfinu okkar og einnig í lengri ferðir þar sem notast hefur verið við strætó og rútur. Eftir ferðirnar voru unnin verkefni með Sólveigu sem fjölluðu um það sem börnunum þótti merkilegast í ferðunum. Unnið hefur verið með margskonar farartæki á sjó, lofti og landi. Farið var í nokkrar safnaferðir t.d. í Árbæjarsafnið, Þjóðminjasafnið, Sjóminjasafnið og Landnámssetrið. Við lærðum um húsdýrin í Húsdýragarðinum og fórum líka þangað á námskeiðið „Hugrakkir krakkar í Húsdýragarðinum". Við heimsóttum Hörpuna, Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Auk þess var margt brallað á leikskólanum. Sem dæmi um það má nefna spurningu sem vaknaði hjá börnunum um hvernig smjör verður til. Ákveðið var að leifa börnunum að búa til smjör sem þau notuð ofan á brauð í kaffinu þann daginn. Lögð hefur verið áhersla á ritmálið í vetur og að allir geti bæði skrifað og þekkt nafnið sitt á prenti. Bókstafir og tölustafir eru sýnilegir á deildinni í hæð barnanna. Hafa þau sjálf merkt sín verkefni, í fyrstu studdust þau við nafnspjöld sem útbúin voru þeim til aðstoðar en eftir því sem færnin varð meiri fóru þau að nota nafnspjöldin til að æfa sig í að skrifa nöfn annarra.

Við höfum unnið með umgengni við náttúruna, að fara vel með tré og plöntur og að skilja ekki eftir okkur drasl í náttúrunni. Því höfum við verið dugleg að taka með okkur rusl sem við rekumst á í gönguferðum og hendum því í næstu ruslatunnu.

Við höfum unnið með fjölmenningu á deildinni með því að ræða um að við komum frá mismunandi löndum og því tölum við ólík tungumál. Börnin hafa mikið verið að koma með bækur að heiman til að láta lesa í samverustundum. Oft rata bækur til okkar á öðrum tungumálum og þá gefst tækifæri til að fá eigendur bókanna til að aðstoða við að segja hinum börnunum söguna.

Við höfum unnið með vináttuna. Við höfum notað samverustundir til að tala um virðingu og vináttuna og hvað það er að vera vinir. Við höfum notað örsögur og söguspjöld úr Blær-töskunni í samverustundum til að skapa umræðu. Einnig höfum við notað tilfinningaplaköt til að vita hvernig okkur líður og æft okkur í að tjá það.

Við fengum sögubílinn Æringja í heimsókn þar sem lesin var fyrir okkur saga. Sögugerð hefur verið spennandi verkefni á deildinni í vetur þar sem börnin hafa í litlum hópum búið til sínar eigin sögur þar sem þau þurftu að byggja söguna á upphafi, miðju og endi. Allir hópar tóku þátt í sögugerð þar sem allir fengu að njóta sýn og raddir allra voru virtar og viðurkenndar. Hóparnir fengu síðan að

flytja sínar sögur í samverustund þar sem höfundarnir fengu að æfa sig í að koma fram fyrir hópinn og hin börnin að æfa sig í að hlusta.
Sögum vetrarins var svo safnað í sögubækur sem börnin bjuggu til og hvert barn myndskreytti svo sína sögubók með sögupersónu eða sögusviði.
Í tónlist höfum við verið að kynnast margskonar hljóðfærum, vinna með takt og hreyfingu eftir tónlist. Við höfum kynnst ungu íslensku tónlistarfólki og lögum þeirra og æfðum nokkur þessara laga. Börnin lærðu að raða sér upp eins og kór og stóðu sig með sóma við flutninginn í útskriftinni í vor.
Lokaverkefnið okkar var leiksýning. Börnin völdu að gera leikbrúður eða leikrit. Þau sömdu leikrit í litlum hópum, bjuggu til leikmynd, persónur og búninga. Lokamarkmiðið var að halda sýningu fyrir foreldra og gesti á útskriftardaginn. Lokaverkefnið var unnið í samvinnu við Sólveigu og Önnu í myndlist.
Í samvinnu við Önnu í myndlist var unnið með „Við sjálf, fjölskyldan okkar og heimili" þar sem rætt var um hversu ólíkar fjölskyldur geta verið og að öll eigum við ólík heimili. Einnig var unnið úr heimsókn á Þjóðminjasafnið og Árbæjarsafnið með Önnu og Sólveigu, þar sem unnið var með formin, samvinnu, hönnun, útfærslu og jarðleir. Sjá fylgiskjal Fjósaklettar veturinn 2019-2020. Guðrún Þorkelsdóttir deildarstjóri.

**Innra mat Klapparvör veturinn 2018-2019, árgangur 2014 og 2015.**

Á haustönn 2018 byrjuðu 21 barn á Klapparvör. Aldursskipting var þannig að 8 börn eru fædd 2015 og 13 fædd 2014.

Við byrjuðum haustið á því að kynnast, fara yfir reglur og raða í hópa. Börnunum var raðað upp í hópa eftir aldri og sá hver hópur um að velja sér nafn. Læsi er mikilvægur þáttur í starfinu, en við leggjum mikla áherslu á að hafa ritmálið sýnilegt fyrir börnin. Við fórum fljótlega að sjá hvað það vekur mikinn áhuga og hvetur þau til þess að vilja vita meira um stafina sína. Þau eru hvött til að skrifa stafinn, búa hann til úr leir, perla hann og skrifa stafinn í sand og snjó og leika sér með eins og þeim dettur í hug að gera. Við lesum daglega og segjum sögur, syngjum og lærum texta. Orðabankinn er verkefni sem við eigum. Það hefur gefist vel og börnunum þykir það skemmtilegt. Verkefnið er til þess ætlað að auka orðaforða og málskilning barna. Sjálfbærniverkefnið okkar er taupoki þar sem börnin mála sjálfsmynd framan á pokann og skrifa nafnið sitt á bakhliðina. Tónlistin á sér einnig sinn stað og við kynnumst mismunandi hljóðfærum, æfum okkur að klappa atkvæði í nöfnunum okkar og hlustum á tónlist hvaðan af að úr heiminum ásamt því að hvert og eitt barn gerir eitt hljóðfæri sem þau svo geta

spilað á í söngstundum. Myndlistin er einnig mikilvæg og við erum í góðri samvinnu við myndlistarkennarann sem tekur hvern hóp einu sinni í viku til sín. Þá erum við að vinna eitthvað sameiginlegt verkefni eða að þau fá að láta hugmyndaflugið ráða og leika sér með allskonar efnivið sem er í boði. Hreyfistundir voru einnig í boði einu sinni í viku en þá skiptust hóparnir á að fara í salinn undir leiðsögn íþróttakennara.

Allir hópar fara í útiveru einu sinni á dag, stundum er farið í gönguferðir um nærumhverfið og þá tölum við um mikilvægi þessa að ganga vel um landið okkar. Á hverjum degi er valinn veðurfræðingur sem fær það verkefni að athuga hitastig dagsins og hvernig veðrið er. Út frá því ræða börnin síðan hvaða fatnaður er viðeigandi að klæðast í útiveru, með þessu læra börnin hin ýmsu hugtök yfir hin mismunandi veður og að taka ábyrgð á að velja réttan fatnað. (með aðstoð kennara)

„Ég sjálfur og fjölskyldan mín" er verkefni þar sem við erum við að kynnast sjálfum okkur með því að teikna sjálfsmynd og læra líkamsheiti. Mikilvægi þess að halda líkama okkar heilbrigðum og hraustum með hreyfingu, hollu matarræði, góðum svefn og hreinlæti.

Við tölum einnig um hvað það er að vera fjölskylda, hvar fjölskyldan á heima, hverfið sem við búum í og landið okkar.

Á vorönn höfum við verið að vinna með verkefni um Krumma, við fylgdumst með honum koma niður í byggð og ná sér í æti sem við settum út fyrir hann, teiknuðum hann og unnum í þrívídd, skoðuðum eggin og máluðum steina í sömu litum og útbjuggum hreiður. Við gátum líka fylgst með Krumma hugsa um ungana sína á netmiðlum. Í vetur hefur einnig verið lögð mikil áhersla á jákvæð og góð samskipti, virðingu og tillitsemi. Sjá fylgiskjal Klapparvör veturinn 2019-2020. Hlíf Harpa Róbertsdóttir deildarstjóri Klapparvör.

**Innra mat Guddumóa veturinn 2018-2019, árgangar 2015 0g 2016.**

Veturinn 2018-2019 voru börnin á Guddumóum 21, á aldrinum tveggja til þriggja ára. Á deildinni voru tveir árgangar, börn fædd 2015 og börn fædd 2016. Lögð var áhersla á að börnin næðu tökum á daglegum athöfnum eins og að fara sjálf í útiföt fyrir útiveru, salernisferðir, bjarga sér sjálf í matartímum o.s.fv. Að auki var lögð áhersla á að efla góðan félagsanda, að barnið lærði að vera í hóp, en samt

að þroskast sem heilstæður einstaklingur, að vinna með tónlist, hreyfingu og skapandi starf.
Í samverustund voru börnin þjálfuð í að segja hvort öðru frá, að hlusta á hvert annað og að sýna hvort öðru virðingu.
Í vetur var hreyfing mikilvæg í starfinu sem og slökun. Börnin fengu frelsi inni á deild til að hoppa og dansa ásamt því að læra að vera í rólegri stund. Var lögð áhersla á að börnin lærðu mikilvægi þess að geta slakað á. Slökun og núvitund.
Það voru skipulagðar hreyfistundir í sal þar sem lögð var áhersla á almenna hreyfifærni og getu hvers og eins.
Öll börnin voru í útiveru að minnsta kosti einu sinni á hverjum degi. Farið var með þau í gönguferðir þar sem nærumhverfið var skoðað og á bókasafn í litlum hópum.
Í lok vetrar var farið með alla í sögustund á bókasafnið.
Til að gera foreldur kleyft að vera upplýstari og taka meiri þátt í starfi deildar var gefið út fréttabréf einu sinni í viku á föstudögum, ásamt því að halda skráningu sem foreldrar gátu nálgast og lesið inni á deild.
Öll börnin fengu eigin ferlimöppu sem innihélt skráningu á starfi barnsins yfir veturinn.
Skipulagður tími í myndlist var hjá myndlistarkennara þar sem lögð var áhersla á höfuðfætlu sem er fyrsta skref barnsins í að teikna manneskju. Notaður var ýmiskonar efnivið til myndsköpunar. Við tengdum síðan saman frásagnir þeirra úr samverustund og listsköpun þar sem þau sköpuðu sínar eigin sögur og ævintýri úr verðlausu efni.
Eins og við vitum er frjáls leikur mikilvægur þáttur í leik og starfi barna og var honum því gefið gott rými. Börnin fengu tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leik. Í hlutverkaleik sækja þau fyrirmyndir sínar úr nánast umhverfi og setja sig í hin ýmsu hlutverk. Þau eru mömmur, pabbar, afar,ömmur og hin ýmsu dýr.
Á 6 vikna tímabili var líkamanum gerð skil. Við tókum fyrir beinabyggingu líkamans, helstu líffæri og heiti líkamsparta. Við útbjuggum stóra bók sem börnin gátu skoðað að vild.
Veturinn gekk í heild sinni mjög vel, náðust flest öll markmið sem við höfðum sett okkur. Sjá fylgiskjal Guddumói veturinn 2018-2019. Guðlaug Gísladóttir deildarstjóri Guddumóa.

**Innra mat Knútskoti veturinn 2018-2019, árgangur 2017-2018.**

Veturinn 2018-2019 voru börnin á Knútskoti 18. Í upphafi vetrar hófu 15 börn aðlögun á deildinni en síðan bættust 3 við yfir veturinn. Börnin voru fædd árið 2017og 2018.

Áhersla var á að börnin upplifðu sig örugg á sínu heimasvæði um haustið, fengju að kynnast og læra að treysta starfsfólkinu og yrðu fær í að taka þátt í daglegu starfi leikskólans. Aðlögun barnanna gekk að mestu vel.
Í skipulögðu starfi deildarinnar var börnunum skipt í tvo hópa eftir aldri.
Öll börn fengu útiveru ef veður leyfði að minnsta kosti einu sinni á dag.
Skipulagðar hreyfistundir voru einu sinni í viku þar sem tekið var mið af aldri og þroska barnsins.
Börnin fengu skipulagða tíma í listasmiðju þar sem þau kynntust ýmsum efnivið til að vinna með. Þau fengu tækifæri til að æfa sig að nota pensil og ýmis skriffæri. Börnin fengu að vinna með ýmiskonar efnivið eins og vatn, hrísgrjón, leir og sand. Unnið var markvisst með litina, tekin var einn litur í senn og unnið með hann í nokkra daga eða þar til börnin voru farin að átta sig á heiti litarins. Í lok vinnunnar með hvern lit var haldið litaball. Þegar búið var að vinna með rauðan þá komu svo dæmi sé tekið börnin í rauðum fötum og umhverfið var skreytt með rauðum blöðrum og böndum.
Unnið var með Lubbi finnur málbein til að þjálfa þau í máli.
Börnunum fór mikið fram og voru strax dugleg að taka þátt í viðburðum leikskólans eins og opnu flæði, verkstæðisdögum o.s.fv.
Í heild sinni gekk veturinn vel og flestu öllum markmiðum var náð.
Sjá fylgiskjal Knútskot veturinn 2019-2020. Hanna Dís Guðjónsdóttir deildarstjóri Knútskoti

## Samantekt um sérkennslu/stuðning.

Fylgiskjal 1.

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|---|---|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | 0 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | 3 | |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | 16 | |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 2 | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | nei | Áætlað að hún sé tilbúið fyrir haustið 2019 |

| | | |
|---|---|---|
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | Já | |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | Já | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | Já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | Já | |
| Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | Já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | Já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | Já | Miðgarður, æfingastöðin, sjúkraþjálfa og talþjálfa. |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | Já | |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | Já | |

# Niðurstöður innra mats.

| Umbótaþættir<br><br>Sérkennsla | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Að huga að innleiðingu á skráningu. s.s** | Að vera búin að kynna sér efnið fyrir haustið. | Taka ákvörðun, sækja námskeið og | 01.06-19 og áætlað að verði komið í | Leikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra. | Þegar búið er að taka inn aðferð fer fram | Notast við markvissa skráningu til |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Atferlisíhlutun eða skipulögð kennsla TEACCH.** | Að auka þekkingu þeirra sem að sérkennslu koma. | þekkingu sem til þarf | notkun fyrir 01.01.20. | | endurmat eftir þann vetur sem það er tekið inn í starfið. | að endurmeta stafið. |
| | | | | | | |
| **Gera vinnu með TRAS og HLJÓM2 markvissari.** | Að eiga góðan gagnabanka til að geta unnið markvist með TRAS. Að úrvinnslan verði markvissari og sýnilegri. | Vinna við gagnabanka hófst í vetur og áætlað að hægt sé að kynna fyrir starfsfólk um áramót 2020. | Áætlað að verði komið inn í starfið fyrir veturinn 2020-2021. | Leikskólastóri. Sérkennslustjóri. | Halda skráningu og endurmeta eftir ca 6-9 mánuði.. | Notast við markvissa skráningu og rýnihópa til að endurmeta starfið. |
| | | | | | | |
| **Áætlum um málörvun** | Að til sér áætlun um málörvun barna. | Setja niður áætlun um hvernig við viljum standa að málörvun barna. | Vinna hefst 01.06.19 og áætlað að verði komið 14.09.19 | Leikskólastjóri og sérkennslustjóri. | Afla upplýsinga og marka okkur stefnu. | |
| | | | | | | |
| **Að hlutverk sérkennslustjóra verði skýrari** | Að allir verði meðvitaðir um hvað heyrir undir starf sér kennslustjóra. | Að til sé skrifleg lýsing á hlutverki sérkennslustjóra sem allir geta nálgast. | Að skrifleg lýsing sé aðgengileg fyrir haustið 2019. | Sérkennslustjóri. | | |
| | | | | | | |

| Vísbending | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi |
|---|---|---|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi. | Já | Í samvinnu við foreldra er vel fylgst með þeim börnum sem hafa íslensku sem annað tungumál og ef þörf þykir er strax gripið inní. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða) | Já | Unnið er í einstaklingsvinnu, litlum hópum og inni á deild barnsins. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? | Já | Með því að leggja markvist inn orð og fylgjast vel með framförum barnsins. |
| Er fylgst með framförum barnanna? | Já | Í allri vinnu með börnun er fylgst vel með og árangur skráður niður. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?<br>• Orðaforði og málskilningur.<br>• Tjáning og frásögn.<br>• Hlustun og hljóðkerfisvitund.<br>• Ritmál.<br>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun. | Já | Unnið er markvist eftir aldri og getu barnsins, við höfum skráningu eins og TRAS, EFI2 og Hljóm2 til viðmiðunar á getu hvers aldurs og unnið með alla þætti samhliða. Ef grunur leikur á frávikum er brugðist við eins fljótt og kostur er. |

## Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 2.

| **Umbótaþættir**<br><br>**Annað móðurmál en íslenska** | **Markmið með umbótum** | **Aðgerðir til umbóta** | **Tímaáætlun** | **Ábyrgðaraðili** | **Endurmat; hvenær og hvernig** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Athuga í upphafi hverrar annar hvar þau standa í íslensku** | Að vita hvaða þjálfun hvert barn þarf þannig að hægt er að mæta þeim á þeirra forsendum. | Fara markvist yfir kunnáttu þeirra í byrjun annar. | September og stendur allan veturinn. | Sérkennslu stjóri.<br><br>Deildarstjórar. | Nota skráningu til að sjá hvar þau standa. | |
| | | | | | | |

## Matsþættir sem vinna á með á komandi skólaári.

Innleiðing menntastefnunnar. Með sérstaka áherslu á læsi og sköpun.

Námsumhverfið. Með sérstaka áherslu á hljóðvist og málörvun.

Uppeldi menntun og starfshættir. Með sérstakri áherslu á að nota áhugasvið barnanna í þróun og ferli verkefnisins.

Leikskólabragur. Með áherslu á viðmót og menningu. Samheldni í starfi.

## Innra mat gert á Lyngheimum vorið 2019.

Í samráði við deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóra var ákveðið að skoða þessa þætti starfsins.

Spurningar úr bæklingnum; Við og vísbendingar. Námsumhverfi, uppeldis og menntastarf og leikskólabragur.

Námsumhverfi.

- Unnið er markvist að uppeldi til sjálfbærni.
- Unnið er markvist að eflingu vísinda meðal barnanna.
- Markvisst er unnið með heimamenningu barnanna.

Uppeldi menntun og starfshættir.

- Enginn þáttur úr þeim kafla verður tekin til umbóta.

Leikskólabragur.

- Gagnkvæm virðing og traust ríki milli allra.
- Starfsfólk er samhent í starfi.

Sjá fylgiskjal Námsumhverfi / leikskólabragur.

Staða leikskólans gagnvart menntastefnunnu Reykjavíkurborgar. Notaður var Gátlisti fyrir leikskóla. Þessir þættir voru skoðaðir; félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði.

Starfsmenn hverrar deildar fóru saman yfir gátlistann. Hér verða taldir upp þeir þættir sem starfsmönnum fannst ábótavant og þyrfti umbætur.

Félagsfærni.

- Leikskólinn þarf að vinna betur að fjölbreyttari samfélagsverkefnum, t.d umhverfisverkefnum, endurvinnslu, góðgerðarverkefni, sjálfboðaliðsstörf.
- Að börnin þekki rétt sin út frá Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Sjálfsefling.

- Börnin setji sér markmið í námi og meti sitt eigið nám og færni.

Læsi.

- Áhersla er á nýbreytni /umbótaverkefni sem efla læsi.
- Markvist er unnið með umhverfismennt, umhverfivernd og sjálfbærni.
- Tölur,stafir,tákn,og myndir ~~eru~~ sýnilegt á veggjum deilda í hæð barnanna.
- Börn eru hvött til að tjá sig um ýmis málefni sem tengjast leikskólanum.
- Börnin fá hlutverk sem efla þau t.d skiptast þau á að fá að vera barn vikunnar.

Sköpun í leikskólanum.

- Markvist samtal er daglega við öll börn á deildinni t.d gefðu mér tíu.
- Virk umræða um málefni líðandi stundar og áhugi barnanna ræður ferðinni.
- Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í læsishvetjandi verkefnum.
- Börnin taka þátt í að skipuleggja menningarviðburði og hátíðir í skólanum.
- Hvatt er til tilrauna með tæki.

Heilbrigði.

- Börnunum er boðið uppá heilbrigðan og næringarríkan mat.
- Börn stunda slökun /núvitund/hugleiðslu reglulega.

Sjá fylgiskjal varðandi umbætur útfrá gátlista Menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir leikskóla.

Agastefna Lyngheima.

Spurðar voru þrjár spurningar.

- Er agastefnan notuð á þinni deild ?
- Er notað að fara í aðstoð ?
- Er notað að hafa stjórn á sér ?

Niðurstaðan var að allir notuðu agastefnuna og fannst gott að hafa fengið tæki til að vinna eftir þegar taka þurfti á erfiðari hegðun.

## Innra mat barnanna.

Garðurinn á Lyngheimum hefur verið mikið til umræðu á vorönninni.Það standa til breytingar á garðinum í sumar. Börnin sýndu umræðunni um garðinn mikinn áhuga. Var ákveðið í samráði við þau að gera mat á garðinum. Ákveðið að spyrja börnin eftirfarandi spurninga.

Hópur barna fædd 2013 og 2014 fóru út í garð með starfsmanni og svöruðu spurningunum í máli og myndum. Niðurstöður barnanna voru mjög samhljóma.

### Hér koma svör barnanna.

**Hvað er skemmtilegast við garðinn ?**

Skemmtilegast var að vera í útileikjum í garðinum, hjóla á kappakstursjólunum, moka í sandkassanum og tína rusl í garðinum, aparólan, rólurnar og rennibrautin.

**Hvað er leiðinlegast við garðinn**

Þeim fannst vegasaltið og litlu húsin leiðinlegust.

**Hvað vantar í garðinn?**

Börnunum fannst vanta snúningstæki, litla rennibraut og fleiri kappakstursjól

**Hverju má breyta?**

Þeim fannst vanta betri kastala. Kastalinn væri svo gamall.

Börnin tóku myndir máli sínu til stuðnings.

Skemmtilegt. Ekki var tekin mynd af því að týna rusl, maður tekur ekki mynd af rusli.






Leiðinlegast. Hverju má breyta.





## Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.

**Starfsþróunarsamtöl** verða í október 2019 og mars 2020. Inn á innri vef Reykjavíkurborgar eru leiðbeiningar varðandi starfsþróunarsamtöl og mun ég styðjast við þær leiðbeiningar í samtölunum.

**Símenntun/fræðsla var eftirfarandi veturinn 2018-2019.**

Á skipulagsdegi í september 2018 var fyrirlestur um tengingu sköpunar við námsþættina. Kristín Hildur Ólafsdóttir ráðgjafi frá skóla og frístundasviði kom til okkar með fyrirlestur.

Á skipulagsdegi í október 2018 var sameiginlegur fyrirlestur í Rimaskóla um mikilvægi heilsueflingar og hreyfingar.

Á skipulagsdegi í janúar 2019 var námskeið í slysavörnum barna.

Vegna námsferðar starfsmanna leikskólans til Gdansk dagana 24. apríl-28. apríl, á námskeiðið Lærum og leikum, þurftum við að sameina 2 skipulagsdaga, náðum því ekki að klár áætlaða símenntunaráætlun. Byrjum við haustið þar sem frá var horfið.

**Símenntun/fræðsla fyrir veturinn 2019-2020.**

Á skipulagsdegi í september fáum við fyrirlestur um kynjajafnrétti. (Ósk starfsmann frá síðasta ári)

Á skipulags degi í október fáum við fyrir hádegi fyrirlestur um barnaverndarmál. (Ósk starfsmanna frá síðasta ári).

Eftir hádegi þann dag er sameiginlegur fyrirlestur leik og grunnskóla í Grafarvoginum frá Kvan hópnum.

Eftir áramót höldum við áfram með óskir starfsmanna varðandi símenntun.

Á skipulagsdegi í febrúar er stefnan að allir starfsmenn Lyngheima fari á Leikskólaráðstefnuna sem haldin er í tilefni Dags leikskólans.

Á skipulagsdegi í mars stefnum við að því að fá fyrirlestur um tengslaröskun, kvíða og hegðunarvanda barna.

Starfsmenn óskuðu líka eftir fræðslu varðandi heilbrigði, lýðheilsu og sjálfbærni. Reynt verður að koma til móts við þær óskir en dagsetning ekki ákveðin.

## Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

Skipulagsdagar skólaárið 2019-2020.

- Föstudaginn 6. september 2019.
- Miðvikudaginn 2. október 2019. Sameiginlegur með leik og grunnskólum Grafarvogs.
- Föstudaginn 13. desember 2019. Hálfur dagur.
- Föstudaginn 10. janúar 2020. Hálfur dagur.
- Föstudaginn 7. febrúar 2020. Sameiginlegur með leik og grunnskólum Grafarvogs.
- Föstudaginn 20. mars 2020.
- Föstudaginn 22. maí 2020.

# Foreldrasamvinna

**Foreldraviðtöl.**

Foreldraviðtöl verða á haustönn dagana 21. - 25. október. Foreldraviðtöl eru auglýst á hurðum hverrar deildar. Foreldrar skrá sig á þann tíma sem hentar þeim best. Okkur hefur þótt mikilvægt að fá alla foreldra í haustviðtölin. Góð kynning að hausti gerir samvinnuna við foreldra og börn betri.

Í haustviðtölunum er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn með foreldrum, farið yfir markmið og leiðir deildarinnar fyrir skólaárið 2019-2020 varðandi námsþættina.

Foreldraviðatöl að vori verða dagana 23. - 27. mars 2020. Viðtölin eru auglýst eins og að hausti. Í viðtölunum er farið yfir veturinn, einstaklingsnámskrá og Tras

**Foreldrafundir**.

Þrír foreldrafundir verða á næsta skólaári.

Kynningafundur fyrir nýja foreldra, sem byrja með börnin sín í aðlögun 19. ágúst 2019, verður 13. júní klukkan 14:00. Leikskólinn verður kynntur í máli og myndum, farið yfir hvernig aðlögunin gengur fyrir sig og hvað þarf að hafa í huga þegar barnið byrjar í leikskóla.

Boðið verður upp á kynningarfund fyrir foreldra barna af erlendum uppruna í september frá Miðju máls og læsis. Magdalena Elísabet Andrésdóttir sér um fundinn. Leikskólinn bauð upp á kynningarfund 13.mars síðastliðinn. Í framhaldi af því var ákveðið að hafa samskonar fund í haust.

Fimmtudaginn 24. september verður haldin foreldrafundur fyrir foreldra barnanna á leikskólanum. Vetrarstarfið verður kynnt í máli og myndum, Foreldrafélagið kynnir starf sitt og kosið verður í nýja stjórn. Foreldraráð kynnir hlutverk sitt og kosnir verða nýir fulltrúar í foreldraráðið

**Foreldraráð.**

Í foreldraráði eru fjórir fulltrúar foreldra, einn frá hverri deild. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti. Aðalhlutverk ráðsins er yfirlestur og umsögn um starfsáætlun og námskrár. Samráð er haft við ráðið varðandi sumarleyfislokun. Í vetur samþykkti foreldraráð breytingar á skipulagsdegi sem átti að vera í mars en var færður til loka apríl vegna náms og kynnisferðar starfsfólks Lyngheima.

Nýtt foreldraráð verður kosið haustið 2019.

**Foreldrafélag.**

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra er kosið í stjórn foreldrafélagsins. Oftast eru nokkrir úr fyrri stjórn sem gefa kost á sér áfram til starfa fyrir foreldrafélagið. Fyrsti fundur foreldrafélagsins er í byrjun október. Þá er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera . Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur. Á þessum fundum eru viðburðir skipulagðir.

Foreldrafélagið stendur fyrir nokkrum viðburðum á ári, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.

**Hvernig er samskiptum við erlenda foereldra háttað.**

**Mótaka og aðlögun**. Erlendum foreldrum er boðið uppá kynningarfund að vori með túlk. Á þeim fundi er leikskólinn kynntur í máli og myndum. Farið er yfir hvað þarf að hafa í huga þegar barnið byrjar í leikskóla. Á leikskólanum er þátttökuaðlögun. Hún er vel kynnt fyrir foreldrum á kynningarfundinum og foreldrar fá stundaskrá fyrir hvern dag.

**Upplýsingagjöf**. Við bendum erlendum foreldrum á fjölmenningarvef Reykjavíkurborgar. Inn á heimasíðu Lyngheima er tengill með margskonar upplýsingum á mörgum tungumálum. Túlkaþjónusta er líka notuð í foreldraviðtölum og þeim viðtölum þegar koma þarf upplýsingum til foreldra. Mikilvægt er að allir fái sömu upplýsingar varðandi aðlögun, viðburði og stefnu leikskólans svo að skólagangan gangi sem best fyrir sig.

**Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðning við móðurmál og íslensku.**

Í mars síðastliðin buðum við uppá fyrirlestur frá Miðju máls og læsis sem Magdalena Elísabet Andresdóttir sá um. Mæltist það mjög vel fyrir hjá foreldrum barna með annað tungumál en íslensku. stefnum við að því að bjóða uppá samskonar fund í haust.

# Samstarf leik og grunnskóla/frístundamiðstöðva.

**Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla.**

Áætlun vegna samstarfs leikskólans er unnin í samstarfi við Rimaskóla og gefin út að hausti. Foreldrum allra barna á leikskólanum er send áætlunin í tölvupósti í byrjun haustannar með dagsetningum heimsókna í Rimaskóla. Samstarfið er í föstum skorðum og börnin mæta í kennslustund, danstíma, íþróttir, á bókasafnið og frístundaheimilið.

Markmið samstarfsins .

**Að** auka samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig.

**Að** draga úr kvíða leikskólanema sem oft fylgir því að hefja skólagöngu í grunnskóla.

Samstarf Lyngheima og Rimaskóla.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heimsóknir elsta árgangs í Rimaskóla.. | Bókasafnið í Rimaskóla heimsótt. | Dans. Elsti árgangur mætir í danstíma.. | Föstudagsfjör. Elsta árgangi boð til skemmtunar í sal Rimaskóla.. | Íþróttir. Mætt er tvisvar á vetri í íþróttatíma.. | Heimsókn í 1. bekk. Stafainnlögn og nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla. | Skoðunarferð um skólann. Skólastjóri Rimaskóla sýnir okkur skólann. |
| Fundir með kennurum Rimaskóla. | Vorið 2019 koma kennarar frá Rimaskóla og fara yfir barnahópinn og niðurstöður Hljóm. | Haustið 2019 funda skólastjórnendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skólaheimsóknir.. | | | | |
| Heimsóknir nemenda 1. og 7. bekkja Rimaskóla. | Í nóv kemur 1. bekkur Rimaskóla í heimsókn og rifjar upp gamlar minningar. | Á degi íslenskrar tungu 16. nóv kemur 7. bekkur Rimaskóla og les og syngur fyrir börnin. | Vorið 2020 koma nemendur tvisvar úr Rimaskóla og kenna börnunum á Lyngheimum útileiki. | | | |

Lyngheimar er einnig í samstarfi við frístundaheimili Rimaskóla, Týgrisbæ . Elsti árgangur heimsækir Týgrisbæ einu sinni að vori.

**Samstarf milli frístundaheimila Gufunesbæjar og leikskólanna í hverfinu.**

Leikskólinn er þátttakandi í samstarfi milli frístundaheimila Gufunesbæjar og leikskólanna í hverfinu. Frístundaheimili Gufunesbæjar fékk styrk úr A hluta þróunarsjóðs Skóla- og frístundasviðs..

Sjónum verður beint að samstarfi milli ólíkra námsumhverfa, þ.e. leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Markmið rannsóknarinnar er að skapa fræðilega og hagnýta þekkingu á því hvernig hægt er að nota leikinn á ólíka vegu til að efla óformlegt nám barna og virkja þau til þátttöku. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á hlutverk fagfólks í að byggja upp samstarf milli stofnana í því skyni að stuðla að samfelldri og öflugri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

**Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna.**

Leikskólarnir þrír í Rimahverfi; Fífuborg, Lyngheimar og Laufskálar, vinna sameiginlega að því að kynna barnahópa sína innbyrðis með það að markmiði að fleiri þekkist þegar grunnskólaganga hefst.

Núna í vor bauð einn leikskóli hinum tveimur leikskólunum í heimsókn. Eru börnin hvött til að spjalla og leika sér saman bæði inni og úti. Boðið er uppá ávaxtabita.

Allur hópurinn hittist í júní á útivistarsvæði við Gufunesbæ. Starfsfólk Gufunesbæjar er með dagskrá sem leikskólakennararnir styðja við. Börnin, sem nú þegar þekkjast orðið nokkuð, fá tækifæri til að vinna saman að verkefnum í ólíkum hópum. Gefið er tækifæri til frjálsra leikja og í lokin er boðið uppá ávexti.

Yfir vetrartímann hittast þessir hópar ásamt 1. bekk Rimaskóla og vinna verkefni sem tengjast verkefninu Heilsueflandi skólar í Grafarvogi. Farið er í vettvangsferðir og víðavangshlaup.

Að tilheyra leikskólahóp er oft krefjandi verkefni og því áskorun að takast á við að tilheyra enn stærri hópi þegar komið er í 1. bekk grunnskóla. Við viljum styðja börnin og stuðla að vináttu þeirra á milli leikskóla. Við teljum aðferðir leikskólans þar sem leikurinn er í hávegum hafður vera tilvalin leið til að styrkja tengsl þessara barna.

**Dagskrá samstarfsverkefnis leikskóla í Rimahverfi.**

- 13. maí er sameiginlegur umferðaskóli í Fífuborg.
- 23. maí er heimsókn í Laufskála. Börnin leika sér saman bæði úti og inni. Boðið er uppá ávexti í lok heimsóknar.

- 27. maí er heimsókn í Lyngheima. Börnin leika sér saman bæði úti og inni. Boðið er uppá ávexti í lok heimsóknar.
- 31. maí er heimsókn í Fífuborg. Börnin leika sér saman bæði úti og inni. Boðið er uppá ávexti í lok heimsóknar.
- 22. júní er farið í Gufunesbæ, við leikum okkur saman og borðum ef veður leyfir.

## Leikrit samið af elsta árgangi.

### Vinirnir í nammibúðinni.

**Pónýhestarnir** Einu sinni voru 3 pónýhestar sem voru að kaupa nammi í nammibúðinni.

- **Fiðrildið** Þar hittu þær fiðrildið sem var líka að kaupa nammi
- **Ninja** Allt í einu kom ninja inn í búðina og sagði „ Halló „ við pónýhestana og fiðrildið
- **Ninja, pónýhestarnir og fiðrildið** Fóru öll að spjalla saman um hvað þau heita og hvar þau eiga heima.
- **Ninja og 2 pónýhestar** Eiga heima á Selfossi og þekktust
- **Fiðrildið og 1 pónýhestur** Búa í Reykjavík hjá blómunum og grasinu.
- **Flash** Allt í einu birtist aftur hetjan Flass í nammibúðinni. Flash var frá Selfossi og var nágranni Ninja og Pónýhestanna tveggja og áttu heima í sömu blokk.
- **Flash** Flash leið mjög vel og kom brosandi og hlægjandi því honum fannst mjög gaman í búðinni. Hann fór framfyrir og var að kaupa allt of mikið nammi, hann kláraði nammið í nammibúðinni og hann var líka búinn að klára allt dótið í dótabúðinni.
- **Pónýhestarnir, Ninja og fiðrildið.** Nú leið hinum ekki vel því allt nammið var búið og þau voru hætt að brosa og fóru í fýlu
- **Flash og Ninja** En Ninja og Flash voru góðir vinir og þeir gáfu með sér.
- **Pónýhestarnir og fiðrildið** Segja takk.
- **Ninja og Flash** Segja ekkert að þakka



Leikritagerð.



Leikritið leikið af hjartans list.



Brúðugerð.

# Fylgiskjöl.

- Matsgögn.
- Umbótaáætlanir deilda.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir veturinn 2019 – 2020.




Sumarið á Lyngheimum.

Ábyrgðaraðili starfsáætlunarinnar 2019 – 2020.

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri Lyngheima.

# Umbótaáætlun fyrir Fjósakletta veturinn 2019-2020.

| Umbótaáætlun Fjósaklettar | Markmið með umbótum | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | **Að hverju er stefnt?** | **Hvenær hefst? Hvenær lokið?** | **Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?** | **Hvaða aðferðir á að nota?** | **Viðmið er gæðalýsing / mælikvaði** |
| Markvisst samtal "Gefðu tíu" | Starfsmaður gefi hverju barni 10 mínútna beint samtal. Ná að gefa öllum nemendum gæðastund. | Haust 2019 Til áramóta. | Deildarstjóri og annað starfsfólk. | Hafa sýnilega skráningu. | Metið um áramótin |
| Hvetja til tilrauna með tækni. | Efla tæknilæsi og vekja áhuga nemenda á tilraunum með tækni. | Haust 2019 Til áramóta. | Deildarstjóri og annað starfsfólk. | Vinna í hópastarfi með smærri hópa. Leigja gögn á bókasafninu. | Metið um áramótin |
| Tónlist | Kynna mismunandi tegundir tónlistar. Kynna mismunandi hljóðfæri. Syngja. Læra lög og texta. Taktur og hrynjandi. Auka orðaforðann. | Haust 2019 Til áramóta. | Deildarstjóri og annað starfsfólk. | Hlusta á tónlist frá ýmsum löndum. Prufa margskonar hljóðfæri. Syngja saman og fyrir hvort annað. Kenna lög og texta. Klappa atkvæðin í nöfnunum, skiptast á að stíra takti í söng. Hugtök sem við notum í tónlist, t.d. hátt, lágt, hratt, hægt, dimmt, mjúkt osfr. | Metið um áramótin |
| Vinátta. | Efla samkennd. Efla virðingu fyrir hvert öðru. Efla kærleika. Auka orðaforðann. | Haust 2019 Til áramóta. | Deildarstjóri og annað starfsfólk. | Tala saman um vináttuna. Lesa bækur um um vináttu. Vinna sameiginleg verkefni (vinaband, sameiginleg sögugerð). | Metið um áramótin |
| Ég sjálf/ur og umhverfið mitt. | Efla sjálfsvitund. Vinna með barnið, fjölskyldu þess og umhverfi. Auka orðaforðann. | | | Skoða bækur um líkamann og taka fyrir í máli og myndum. Teikna líkamann, fjölskylduna og götukort. Setja líkamsheiti, fatnað, nöfn, vinnu, systkin ofl. | Metið um áramótin |

## Sköpun á Guddumóa veturinn 2019 – 2020.

| Umbótaáætlun Guddumói/Sköpun. | Markmið með umbótum | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | **Að hverju er stefnt?** | **Hvenær hefst? Hvenær lokið?** | **Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?** | **Hvaða aðferðir á að nota?** | **Viðmið er gæðalýsing / mælikvaði** |
| Samvinna gekk mjög vel og ekkert sem þarf sérstaklega að bæta. | Vinna með grunnliti | September - maí | Deildarstjóri og verkefnast. | Notum fjölbreytt úrval af efnivið og vinum þannig með grunnlitina (gulur, rauður, grænn og blár). Bætum við litum eftir áramót | Að börnin þekki amk grunnlitina í lok vorannar og jafnvel fleiri liti |
| | Vinna með "Ég sjálfur" Vinnum með formið hringur | Nóvember – maí | Deildarstjóri og verkefnast. | Vinnum með fjölbreyttan efnivið þar sem við vinum með okkur sjálf og líkamann okkar allt árið. | Að í lok vorannar verði börnin farin úr krotstiginu og geti gert amk höfuðfætlu. Að börnin þekki heiti á helstu líkamshlutum eins og höfuð, fætur, hné osfrv. |
| | Að vinna með málningu og aðra liti. | September – maí | Verkefnast. | Vinum með fjölbreytt úrval af litum og áhöldum. Eins og málningu, fingramálningu, vatnsliti, tússliti ofl. Notum ýmsar gerðir af penslum, stimplum, pappír ofl. | Að börnin fái að kynnast fjölbreyttum efnivið og hafi frelsi til að vinna með hann, gera tilraunir og prófa sig áfram |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Frjáls tími – verkefni unnin út frá áhugasvið barnanna | September – maí | Verkefnast. og starfsmenn Guddumóa. Unnið út frá áhuga barnanna, eftir sögustund, vettvangsferð o.þ.h. | Hér er unnið út frá áhugasviði barnanna. Hvað vekur áhuga þeirra og hvað vilja þau gera. | Mikilvægt er að vinna út frá áhugasviði barnanna því það gerir tímana skemmtilega og áhugaverða. Það á að vera gaman í tímunum því þannig fær sköpunargleði barnanna best að njóta sín. |
| | Vinna með fjölbreyttan efnivið | September til maí | Verkefnast. | Að börnin fái að kynnast fjölbreyttum efnivið og læri að nota hann. Tússlitir, blýantar, vaxlitir, skæri, lím osfrv | Að börnin þekki hin ýmsa efnivið og kunni að nota hann að einhverju leiti. |

# Umbótaáætlun fyrir Guddumóa veturinn 2019-2020.

| Umbótaáætlun | Markmið með umbótum | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | **Að hverju er stefnt?** | **Hvenær hefst? Hvenær lokið?** | **Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?** | **Hvaða aðferðir á að nota?** | **Viðmið er gæðalýsing / mælikvaði** |
| Guddumói, veturinn 2019-2020 | | | | | |
| Sköpun | *Læra litina<br>*Höfuðfætla,þróun | Um miðjan september. Unnið markvist allan veturinn | Deildarstjóri og starfsm. deildarinnar | Myndlist<br>Sjónrænt<br>Læsi<br>Skráning | Metið um áramót |
| Læsi | Að þau verði betur læs á umhverfið og hvert annað. | Um miðjan september. Unnið markvisst allan veturinn | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar. | *Lubbastundir<br>*Samverustundir<br>*Sjónrænt skipulag | Metið um áramót |
| Lýðræði og sjálfbærni | Jól í skókassa | nóvember | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar | Samvinna heimilis og skóla. | Metið í desember |
| Sjálfstæði | Að þau verði sjálfstæðari einstaklingar. Hætta með bleiu, verði snyrtileg við matarborð, byrja að skammta sér sjálf.Byrji að klæða sig í og úr fatnaði. Verði örugg í sínu nærumhverfi. | Fljótlega eftir aðlögun. | Allir starfsmenn deildarinnar | *Matartíminn, sleppa smekk og byrja að skammta sér sjálf.<br>*Fataklefinn, klæða sig í og úr.<br>*Salerni; hætta með bleiu<br>*Nota nærumhverfið, byrja með litla hópa og fara í gönguferðir og smá auka þær eftir því sem líður á veturinn. | |
| Grænfána verkefni | Að þau læri að flokka | Eftir ávaxtastund og eftir þörfum | Allir starfsmenn | Börnin skiptast á að fara með grænufötuna og blöð í viðeigandi tunnu. | Metið um áramót |

## Umbótaáætlun fyrir Klapparvör veturinn 2019 - 2020.

| Umbótaáætlun Klapparvör | Markmið með umbótum | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | **Að hverju er stefnt?** | **Hvenær hefst? Hvenær lokið?** | **Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?** | **Hvaða aðferðir á að nota?** | **Viðmið er gæðalýsing / mælikvaði** |
| Læsi/samskipti | Að efla þekkingu,leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfið sitt. Tjá tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. | Haust 2019 | **Deildarstjóri** | Deildarfundir | Með því að hafa ritmálið sýnilegt, efla tilfinningalæsi með samtölum og spilum, stig af stigi. Lesa daglega og segja sögur, semja sögur og gera sögubækur. Bókstafir og tölustafir aðgengilegir og hvatt til leikja sem efla læsi. |
| Sköpun/menning | Að efla, tjáningu, gleði og hugmyndir í máli og myndum. | Haust 2019 | Deildarstjóri | Deildarfundir | Verkefnið ég sjálfur og fjölskylda mín, bætum við það hverfinu sem við búum í og hvað þar er að finna. Landinu okkar ogþeirra barna sem komafá öðrum löndum en Íslandi. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjálfbærni/vísindi | Að efla skilning á umgengni við náttúruna og styrkja skilning þeirra í máli og myndum | Haust 2019 | Deildarstjóri | Deildarfundir | Verkefnið veðurfræðingurinn þar skiptast börnin á að fylgjast með hita og kuldastigi, læra að klæða sig eftir veðri. Vinna ruslaskrímsli, endurvinna pappír.Við förum út í náttúrunaog tínum ber sem við síðan búum til berjasultuúr og borðum. Við förum út í náttúruna og skoðum það sem hún hefur uppá að bjóða og vinum úr því í máli og myndum. |
| Heilbrigði/vellíðan | Að efla vitund barnanna á heilbrigðum lífsháttum | Haust 2019 | Deildarstjóri | Deildarfundir | Við ætlum að vinna áframmeð líkamsvitund og tengja inn í það verkefni flest það sem kemur að heilbrigðum lífsháttum,<br>Við erum með skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku og síðan eru gönguferðir um nærumhverfið. Við tökum fyrir verkefni um matarsóun þar sem við reynum að meta það sjálf hvað er hæfilegur matarskammtur.<br>Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti, virðingu og kurteisi. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jafnrétti/lýðræði | Efla þátttöku og ákvarðanatöku barnanna í starfinu | Haust 2019 | Deildarstjóri | Deildarfundir | Verkefni unnið þar sem lögð er áhersla á val barnanna um viðfangsefnið, þau hvött til að vinna saman og skapa aðstæður til samræðna.<br>Þau fái tækifæri til þessað segja sína skoðun og hún sé virkt.<br>Börnunum kennt að taka ábyrgð á gjörðum sínum og sjálfum sér |

# Sköpun Klapparvör veturinn 2019-2020.

| Umbótaáætlun Klapparvör/Sköpun. | Markmið með umbótum | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | **Að hverju er stefnt?** | **Hvenær hefst? Hvenær lokið?** | **Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?** | **Hvaða aðferðir á að nota?** | **Viðmið er gæðalýsing / mælikvaði** |
| Samstarf við Klapparvör gekk mjög vel. Nokkur verkefni komu þó fram sem við viljum leggja áherslu á og vinna með börnunum í vetur. Það er: fjölmenning, umhverfið/sjálfbærni sögugerð. | Fjölmenning | September - mars | Deildarstjóri og verkefnast. | Ísland<br>Heimurinn<br>Börnin kynna sitt land og sína menningu<br>Tungumál, menning, fánar, matur ofl.<br>Börnin leiða okkur áfram Vinnum með fjölbreyttan og skemmtilegan efnivið | Að börnin sýni skilning, virðingu og áhuga á menningu annarra þjóða.<br>Að börnin þekki og læri að vinna með heimskort og hnattlíkan, þekki önnur lönd |
| | Sögugerð – Sögubók. Hluti af útskriftarverkefni elstu barnanna. | September - maí | Starfsmenn á Klapparvör og verkefnst. | Vinnum með sögur og ævintýri. Skoðum hvernig sögur eru byggðar upp og semjum okkar eigin sögur. Einstaklingsverkefni og hópverkefni. Myndskreytum með ýmsum útfræslum. Sögurnar verða svo færðar inn í bók sem börnin hanna sjálf og myndskreyta. | Að börnin læri að vinna saman í hóp og vinni að sameiginlegri niðurstöðu. Læri að hlusta á aðra og virða skoðanir þeirra.<br>Í lok annar eiga börnin að geta samið sameiginlega sögu/leikrit sem hefur söguþráð með upphafi miðju og endi. |
| | Umhverfisverkefni með elsta hópnum. | September - nóvember | Deildarstjóri og verkefnast. | Ekki búið að ákveða hvað á að taka fyrir. Verkefnaval er í höndum barnanna. | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Húsdýrin með yngri hópnum | September - nóvember | Deildarstjóri og verkefnast. | Hlustum á sögur og skoðum myndir. Umræður. Vinnum með fjölbreyttan efnivið Vinnum í tvívídd og þrívídd. Vettvangsferðir | Að börnin þekki helstu húsdýrin á Íslandi og þeirra hlutverk. Að börnin læri að teikna og þekkja grunnformin, hring, ferhyrning og þríhyrning. |
| | Áhersla á árstíðir Sumar, vetur, vor og haust. Jólin, þorrinn og góan. | September – júní | Deildarstjóri og verkefnast. | Vinnum fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem tengjast árstíðum og menningu. | Að börnin þekki árstíðir á Íslandi og hvað einkennir þær. Að börnin taki þátt í hefðum og menningu á Íslandi. |
| | Frjáls tími | September – júní | Deildarstjóri og verkefnst. | Frjáls tími – börnin ráða hvað þau vilja gera í tímanum eða næstu tímum. Hvar liggur áhugasvið þeirra. Hvaða efnivið vilja þau nota? | Að börnin verði fær um að velja sjálf hvað þau vilja gera, fá hugmynd og framkvæma hana. Ýta undir sköpunargleði og fá frelsi til að skapa sem þau vilja. |
| | Útskriftarverkefni Brúðuleikhús | Apríl - maí | Starfsmenn Klapparvarar og verkefnast. | Sögugerð Leikbrúðugerð Leikræn tjáning Leikmynd. | Börnin semja leikrit, brúður og leikmynd sem þau svo sýna foreldrum og öðrum við ústkrift sína. |

# Við nýtum tækifærið þegar upp kemur hugmynd eða áhugi á ákveðnu viðfangsefni hjá barni/börnum. Þau leiða okkur svo áfram um leiðir, efnvið og lengd verkefnis. Því er mikilvægt að hafa skipulagið ekki of þétt. Inn í öll verkefni fléttast svo öll námsviðin.

# Umbótaáætlun fyrir Knútskot veturnn 2019-2020.

| Umbótaáætlun Knústkot 2019-2020 | Markmið með umbótum | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | **Að hverju er stefnt?** | **Hvenær hefst? Hvenær lokið?** | **Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?** | **Hvaða aðferðir á að nota?** | **Viðmið er gæðalýsing / mælikvaði** |
| Valdefling | Að efla sjálfshjálp barna í matartímum. | Sept 2019 maí 2020 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Deildarfundir og samtal | Metið í október |
| Þátttökuaðlögun | Að börnin verði örugg í leikskólanum | Ágúst 2019- nóv 2019 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Hlýt og gott viðmót hlýr faðmur og agastefna | Metið í hverri viku á deildarfundum |
| Læsi | Að efla hlustun, orðaforða og félagsleg tengsl | Sept 2019 maí 2020 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Lesa Depill og sögupoka Læra löginn, Ég er rauður héri, Babú og við eum vinir | Metið í desember |
| Heilbriði og velíðan | Hreinlæti | Ágúst 2019- des 2019 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Læra að þvo hendur. | Metið í desember |
| Sköpun | Handarfarið okkar | Sept 2019 nóv 2019 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Fara í myndlistarkrók og læra að mála með þekjulitun og stimpa hendarfarið okkar á blaðið. | Metið í nóvember |
| Virk hlustun | Að starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum sínum við börnin. | Ágúst 2019- maí 2020 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Gefðu mér 10 nota bækling . Skráningarblöð | Metið í hverri viku |
| Sjálfbærni | Jól í skókassa. | Nóv 2019 des 2019 | Deildarstjóri og aðrir starfamenn | Virkir þáttakendur í samfélgai, góðverki og samvinn heimilis og skóla | Metið í desember |

**Umsögn foreldraráðs á starfsáætlun Lyngheima 2019-2020**

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Starfið á Lyngheimum hefur blómstrað í vetur. Allstaðar sem horft er má sjá listaverk barnanna. Sjálfsmyndir, skrímsli, faratæki, dýr, hús og fleira. Það er ævintýralegt að koma inn í leikskólann hvern dag og fylgjast með. Starfsmannahópurinn er samheldinn og allir vinna að sama markmiðinu að sinna námi og líðan barnanna.

Mikið hefur verið unnið með virðingu, umhyggju og tillitsemi sem eru Leiðarljós Lyngheima. Hver deild hefur unnið í samræmi við sinn aldur með leikinn og vináttuna.

Í vetur var sterkt starf á elstu deildinni. Þar kom inn tilraunaverkefnið með verkefnastjóra fyrir skólahópinn. Þar var unnið með umhverfislæsi og börnin fóru í ferðir um allan bæ ásamt kennurum og verkefnastjóra. Unnu verkefni tengt hverri ferð og lærðu um staðina, ný orð og fullt af nýjum fróðleik. Ferðirnar voru margar valdar út frá áhugasviði barnanna og vildu þau t.d. læra um flugvélar og skip. Þá var farið að skoða skip og flugvélar teiknaðar myndir af skipum og búnar til flugvélar sem voru hengdar upp. Börnin hafa lært að fara í ferðir, ferðast með strætó og passa uppá félaga sína í nýjum aðstæðum. Þetta verkefni var frábært og vonum við að það muni halda áfram næsta vetur.

Lyngheimar innleiddu Agastefnu Laufskála í vetur og hafa aðlagað hana að sínum leikskóla. Þetta er gott tæki til að nota við mismunandi hegðun barna. Með agastefnunni eru allir starfsmenn að nota sömu aðferðina svipaða frasa og börn og starfsfólk verður öruggara. Þetta hefur gengið vel og mun halda áfram að mótast næsta vetur.

Í vetur var samstarf milli Lyngheima, Laufskála og Fífuborgar, þá hittast elstu deildir leikskólanna og kynnast lítillega áður en haldið er í skólann næsta haust. Gekk þetta afar vel og er stefnt að því að halda samstarfinu áfram næstkomandi vetur.

Með áframhaldandi breytingum innan húss hefur orðið til bjartari og líflegri leikskóli, þar starfar mikið af fagfólki sem við teljum vera ómetanlegt.

Foreldraráðið er ánægt með starf leikskólans og þær breytingar sem orðið hafa í vetur. Starfsfólk stendur sig vel við að sinna námi og leik barnanna ásamt því að gera námsumhverfið gott.

Hólmfríður Ásta Pálsdóttir

Jóhanna Lilja Hólm

Laufey Friðriksdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2019 - 2020

**Nafn skóla:** **Lyngheimar.**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 S | | 1 Þ | | 1 F | Foreldrakaffi. | 1 S | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur | 1 L | | 1 S | | 1 M | Verkst páskar | 1 F | Verkalýðsdagurinn | 1 M | Annar í hvítasunnu | 1 M | skil á starfsáætlun |
| 2 F | | 2 M | | 2 M | Skipulagdagur | 2 L | | 2 M | Verkst jólatré | 2 F | | 2 S | | 2 M | | 2 F | Verkst páskar. | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | |
| 3 L | | 3 Þ | | 3 F | Starfsþróunnarsamtöl | 3 S | | 3 Þ | Verkst jólatré | 3 F | | 3 M | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 F | |
| 4 S | | 4 M | | 4 F | Starfsþróunnarsamtöl | 4 M | Opið flæði | 4 M | | 4 L | | 4 Þ | | 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 L | |
| 5 M | Frídagur verslunarmanna | 5 F | | 5 L | | 5 Þ | Opið flæði | 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 F | Opið flæði | 5 S | Pálmasunnudagur | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | |
| 6 Þ | | 6 F | Skipulagsdagur. | 6 S | | 6 M | | 6 F | Jólatré skreytt | 6 M | Þrettándinn | 6 F | Dagur leikskólans | 6 F | Opið flæði. | 6 M | | 6 M | | 6 L | | 6 M | |
| 7 M | | 7 L | | 7 M | | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | Opið flæði | 7 F | Skipulagsdagur | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | Sjómannadagurinn | 7 Þ | |
| 8 F | | 8 S | Dagur læsis | 8 Þ | Opið flæði | 8 F | Baráttudagur gegn einelti | 8 S | | 8 M | | 8 L | | 8 S | | 8 M | | 8 F | | 8 M | | 8 M | |
| 9 F | | 9 M | | 9 M | | 9 L | | 9 M | J | 9 F | Opið flæði | 9 S | | 9 M | Starfsþróunnarsamtöl | 9 F | Skírdagur | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | |
| 10 L | | 10 Þ | | 10 F | Opið flæði. | 10 S | | 10 Þ | Jólakaffihús. | 10 F | 1/2 Skipulagsdagur. | 10 M | Opið flæði | 10 Þ | | 10 F | Föstudagurinn langi | 10 S | | 10 M | | 10 F | |
| 11 S | | 11 M | Haustvinna byrjar. | 11 F | Námskeiðsdagur leikskólas | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 Þ | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 L | |
| 12 M | | 12 F | Verkst haust | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | Jólaleikrit starfsmanna | 12 S | | 12 M | Opið flæði. | 12 F | | 12 S | Páskadagur | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | |
| 13 Þ | | 13 F | Verkst haust | 13 S | | 13 M | | 13 F | 1/2 Skipulagsdagur | 13 M | | 13 F | | 13 F | | 13 M | Annar í páskum | 13 M | | 13 L | | 13 M | |
| 14 M | samráð leikskólastjóra | 14 L | | 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | Útskrift. | 14 S | | 14 Þ | |
| 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | samráð leikskólastjóra | 15 L | | 15 S | | 15 M | | 15 F | | 15 M | | 15 M | |
| 16 F | | 16 M | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | samráð leikskólastjóra | 16 L | Dagur íslenskrar tungu | 16 M | Jólaball. | 16 F | | 16 S | | 16 M | | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | |
| 17 L | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | | 17 M | Verkst konur | 17 Þ | Sóri innritunardagurinn | 17 F | | 17 S | | 17 M | Lýðveldisdagurinn | 17 F | |
| 18 S | | 18 M | samráð leikskólastjóra | 18 F | | 18 M | | 18 M | samráð leikskólastjóra | 18 L | | 18 Þ | | 18 M | samráð leikskólastjóra | 18 L | | 18 M | Þróttadagar | 18 F | samráð leikskólastjóra | 18 L | |
| 19 M | Aðlögun hefst. | 19 F | | 19 L | | 19 Þ | Verkst jóla | 19 F | | 19 S | | 19 M | samráð leikskólastjóra | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | Þróttadagar | 19 F | | 19 S | |
| 20 Þ | | 20 F | | 20 S | | 20 M | samráð leikskólastjóra<br>Dagur mannréttinda barna | 20 F | | 20 M | Verkst bóndad | 20 F | Vekst konur. | 20 F | Skipulagsdagur | 20 M | | 20 M | Opið hús. | 20 L | | 20 M | |
| 21 M | | 21 L | | 21 M | Foreldraviðtöl | 21 F | Verkst jóla | 21 L | | 21 Þ | Verkst bóndad | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | Barnamenningarhátíð | 21 F | Uppstigningardagur | 21 S | | 21 Þ | |
| 22 F | Leikskólastjórafundur<br>Skólasetning grunnskóla | 22 S | | 22 Þ | Foreldraviðtöl | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 L | | 22 S | | 22 M | samráð leikskólastjóra<br>Barnamenningarhátíð | 22 F | Skipulagsdagur. | 22 M | | 22 M | |
| 23 F | | 23 M | | 23 M | Foreldraviðtöl | 23 L | | 23 M | Þorláksmessa | 23 F | Leikskólastjórafundur | 23 S | Konudagur | 23 M | Foreldraviðtöl | 23 F | Sumardagurinn fyrsti<br>Barnamenningarhátíð | 23 L | | 23 Þ | | 23 F | |
| 24 L | | 24 Þ | Stóri foreldrafundurinn | 24 F | Foreldraviðtöl | 24 S | | 24 Þ | Aðfangadagur jóla | 24 F | Bóndadagur/kaffi | 24 M | Bolludagur | 24 Þ | Foreldraviðtöl | 24 F | Barnamenningarhátíð | 24 S | | 24 M | | 24 F | |
| 25 S | | 25 M | | 25 F | vetrarleyfi grunnskóla | 25 M | | 25 M | Jóladagur | 25 L | | 25 Þ | Sprengidagur | 25 M | Foreldraviðtöl | 25 L | Barnamenningarhátíð | 25 M | | 25 F | Leikskólastjórafundur | 25 L | |
| 26 M | | 26 F | Leikskólastjórafundur<br>Evrópski tungumáladagurinn | 26 L | Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | | 26 F | Annar í jólum | 26 S | | 26 M | Öskudagur | 26 F | Foreldraviðtöl | 26 S | Barnamenningarhátíð | 26 Þ | | 26 F | | 26 S | |
| 27 Þ | | 27 F | | 27 S | Bangsadagurinn | 27 M | | 27 F | | 27 M | | 27 F | Leikskólastjórafundur | 27 F | | 27 M | | 27 M | | 27 L | | 27 M | |
| 28 M | | 28 L | | 28 M | vetrarleyfi grunnskóla | 28 F | Leikskólastjórafundur | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | Leikskólastjórafundur | 28 S | | 28 Þ | |
| 29 F | | 29 S | | 29 Þ | | 29 F | Jólafundur með stjórnendur | 29 S | | 29 M | | 29 L | | 29 S | | 29 M | | 29 F | | 29 M | | 29 M | |
| 30 F | | 30 M | | 30 M | | 30 L | Pipparkökudagur | 30 M | | 30 F | | | | 30 M | | 30 F | Leikskólastjórafundur | 30 L | | 30 Þ | | 30 F | |
| 31 L | | | | 31 F | | | | 31 Þ | Gamlársdagur | 31 F | | | | 31 Þ | | | | 31 S | Hvítasunnudagur | | | 31 F | |